

Priðjudaginn 31. mars 1992.

Nr. 490/1989. **Iðnaðarráðherra f.h. Orkustofnunar og
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs**

(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)

gegn

Ómari Bjarka Smárasyni

(Viðar Már Matthíasson hrl.)

og gagnsök.

Opinberir starfsmenn. Orlof. Biðlaun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. desember 1989, sem árituð var um birtingu af lögmanni gagnáfrýjanda 4. janúar 1990. Krefjast þeir þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þá lund, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum gagnáfrýjanda og sér dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda. Til vara krefjast þeir þess, að dæmdar fjárhæðir verði verulega lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 26. janúar 1990 með vísan til heimildar í 3. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Krefst hann þess aðallega, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þá leið, að aðaláfrýjendur verði dæmdir til að greiða sér 683.373 krónur með dráttarvöxtum frá 1. febrúar 1988 til greiðsludags samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, eins og nánar greinir í kröfugerð hans, auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og aðaláfrýjendur dæmdir til að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Í máli þessu er annars vegar deilt um greiðslur vegna ótekens orlofs við starfslok gagnáfrýjanda hjá Orkustofnun 1987 og hins vegar um rétt hans til biðlauna, eftir að hann lét af störfum. Eru málsatvik og málsástæður aðila rækilega rakin í hinum áfrýjaða dómi.

Telja verður upplýst í málinu, að af hálfu yfirmanna Orkustofnunar hafi það verið vel þegið, að starfsmenn á borð við gagnáfrýjanda tækju orlof utan hins hefðbundna sumarleyfistíma, og hafi orlofstaka að sumrinu verið brotakennd. Helgaðist þetta af eðli starfa þeirra, en gagnaöflun, sem þeim fylgdi, fór fyrst og fremst fram að sumrinu. Gagnáfrýjandi kveðst hafa litið svo á, að tilmæli lægju fyrir frá yfirmönnum sínum um að taka ekki orlof á sumarorlofstíma. Í ljósi framanritaðs þykja ekki efni til að hafna því, að hann hafi mátt líta svo á. Með hliðsjón af því og að öðru leyti með vísan til raka héraðsdóms verður staðfest sú niðurstaða hans, að gagnáfrýjandi hafi öðlast rétt til að fá ótekið orlof sitt greitt með yfirvinnukaupi samkvæmt gr. 4.7.2. í kjarasamningi stéttarfélags hans og fjármálaráðherra, sbr. 4. mgr. 16. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Í héraðsdómi er gerð grein fyrir gögnum og sjónarmiðum, sem fram hafa komið í málinu varðandi fastar yfirvinnugreiðslur til gagnáfrýjanda. Aðaláfrýjendur halda því fram, að samið hafi verið um greiðslu fyrir ákveðið vinnuframlag, sem næmi 360 klukkustundum á ári og dreifðist jafnt yfir alla mánuði ársins. Gagnáfrýjandi kveður hér hins vegar um að ræða greiðslu fyrir svokallaða óunna yfirvinnu og miðað hafi verið við ákveðinn stundafjölda á mánuði, sem ætíð hafi verið greitt fyrir, jafnt í orlofi sem annars. Krefst hann þess, að tekið verði tillit til þessa við uppgjör á óteknu orlofi, þar sem greiðslur þessar hafi verið hluti af föstum launum sínum.

Ekki þykir það ráða úrslitum við úrlausn þessa ágreiningsefnis, hvort litið verði á umræddar yfirvinnugreiðslur sem hluta af föstum launum gagnáfrýjanda eða ekki. Upplýst er í málinu, að af þessum föstu yfirvinnugreiðslum var jafnan greitt orlofsfé. Verður að fallast á þá röksemd aðaláfrýjenda, að greiðsla samkvæmt kröfu gagnáfrýjanda í þessu efni við uppgjör á óteknu orlofi feli í sér tvígreiðslu. Verða aðaláfrýjendur því sýknaðir að þessu leyti af kröfum gagnáfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms verður staðfest niðurstaða hans um kröfu gagnáfrýjanda um biðlaun.

Samkvæmt framansögðu verður niðurstaða málsins sú, að aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda yfirvinnu í stað dagvinnu í óteknu

orlofi, 30.491 krónu. Dráttarvextir af fjárhæðinni ákveðast eins og í dómsorði greinir.

Dæma ber aðaláfrýjendur til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 60.000 krónur, og er það ekki tekið tillit til sölu- og virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð :

Aðaláfrýjendur, iðnaðarráðherra f.h. Orkustofnunar og fjármálaráðherra f.h. rikissjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Ómari Bjarka Smárasyni, 30.491 krónu með árlegum dráttarvöxtum sem hér segir: 51,6% frá 1. til 29. febrúar 1988, 45,6% frá 1. mars til 30. apríl 1988, 44,4% frá 1. maí til 30. júní 1988, 40,8% frá 1. til 31. júlí 1988, 56,4% frá 1. til 31. ágúst 1988, 49,2% frá 1. til 30. september 1988, 23,6% frá 1. til 31. október 1988, 27,6% frá 1. til 29. nóvember 1988 og með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Leggja skal dráttarvexti við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. febrúar 1989.

Aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda 60,000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

S é r a t k v æ ð i

Péturs Kr. Hafstein hæstaréttardómara.

Ég er sammála meiri hluta dómenda um það, að ekki sé laga-grundvöllur til að fallast á kröfu gagnáfrýjanda um greiðslu biðlauna. Þá er ég einnig samþykkur þeirri niðurstöðu meiri hlutans, að gagnáfrýjandi eigi ekki rétt á að fá fastar og umsamdar yfirmunnustundir greiddar vegna ótekins orlofs síns.

Af framburði stefnanda og annarra starfsmanna Orkustofnunar í þessu máli og hæstaréttarmálunum nr. 489 og 491/1989 er ljóst, að lítið skipulag hefur verið á töku sumarorlofs hjá stofnuninni. Fram er komið, að starfsmönnum hefur verið ljóst, að það væri „vel þegið“ og „lítið með velpókun“ af yfirmönnum, að þeir tækju sumarorlof sem mest utan hins eiginlega sumarorlofstíma 15.

maí til 30. september. Skýrist það af eðli starfa Orkustofnunar, meðal annars þeirra, er lúta að jarðfræðirannsóknum og öðrum skyldum verkefnum. Gagnáfrýjandi lýsti fyrir dómi orlofstöku hjá Orkustofnun meðal annars með svofelldum orðum: „Það var kannski skilningur manna að vissu leyti, að það væri óæskilegt, að margir væru í frii yfir háannatímann, yfir sumartímann. En að öðru leyti þá vorum við nokkuð frjáls með það hvenær við tókum okkar orlof ... við þurftum í raun og veru eingöngu að hafa samstarf við okkar nánasta yfirmann, alla vega varðandi stuttan orlofstíma. Það má segja það í jarðfræðinni, þá í raun og veru finnst manni óeðlilegt að fara í langt sumarleyfi yfir sumartímann, því þetta er sá tími, sem manni nýtist best í vinnu, útivinnu og annað því um líkt.“

Í málinu er ekki fram komið, að gagnáfrýjanda hafi nokkru sinni verið synjað um töku orlofs á sumarorlofstíma. Ekki er heldur í ljós leitt, að yfirmenn hans hafi nokkru sinni beðið hann ákveðið og formlega að taka ekki sumarorlof að hluta eða öllu leyti eða fresta því. Þeirri afstöðu yfirmanna til frestunar orlofs, sem að framan er lýst, verður ekki jafnað til beiðni um frestun í skilningi laga og kjarasamninga um orlofsmál. Af gögnum málsins verður ráðið, að næstu þrjú ár fyrir starfslok gagnáfrýjanda hjá Orkustofnun tók hann drjúgan hluta orlofs á sumarorlofstíma, 9,5 daga 1985, 22 daga 1986 og að minnsta kosti 16 daga 1987.

Með hliðsjón af framansögðu er ekki unnt að fallast á það, að gagnáfrýjandi hafi unnið sér rétt til greiðslu yfirvinnukaups vegna ótekins orlofs á þeirri forsendu, að af töku þess hafi ekki orðið vegna beiðni yfirmanns, sbr. 4. mgr. 16. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sbr. og samhljóða greinar 4.7.2. í þeim kjarasamningum ríkisins við BHMR og Félag íslenskra náttúrufræðinga, sem á er byggt í málinu. Þessi ákvæði verður jafnan að skýra þröngt, svo að ekki fari á milli mála, að yfirmaður sé að ráðstafa verkefnum og þar með þeim fjármunum ríkisins, sem hann vegna starfa síns er bær að fara með.

Með vísun til þess, sem að framan er rakið, tel ég rétt að sýkna aðaláfrýjendur af öllum kröfum gagnáfrýjanda og dæma hann til þess að greiða þeim málskostnað.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. september 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. september sl., höfðaði Ómar Bjarki Smárason, kt. 160450-2239, Tómasarhaga 27, Reykjavík, gegn iðnaðar-ráðherra, kt. 170441-4949, Arnarhvoli, Reykjavík, f.h. Orkustofnunar, Grensásvegi 9, Reykjavík, og fjármálaráðherra, kt. 140543-3229, f.h. ríkis-sjóðs, Arnarhvoli, Reykjavík, með þingfestingu málsins 29. nóvember 1988.

Dómkröfur stefnanda eru þær aðallega, að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða sér 683.373 kr., með [nánar tilgreindum dráttar-vöxtum].

Til vara gerir stefnandi þær dómkröfur, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða sér 42.964 kr. með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum].

Enn fremur krefst stefnandi í báðum tilvikum málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Loks krefst stefnandi þess í báðum tilvikum, að málskostnaður skuli bera dráttarvexti samkvæmt l. nr. 25/1987 frá og með 15. degi eftir dóms-upsögu til greiðsludags.

Dómkröfur stefndu eru þær aðallega, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins, — til vara, að stefnukröfurnar verði stórlega lækkaðar og málskostnaður í því tilviki látinn falla niður.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Stefnandi er jarðfræðingur að mennt og lauk BS-prófi í jarðfræði frá Háskóla Íslands árið 1975. Stefnandi telst hafa starfsaldur hjá ríkinu frá því í nóvember 1975, en störf hans hafa öll verið hjá Orkustofnun. Þar vann hann sumurin 1974, 1977 og 1978. Samfleytt vann stefnandi frá því í júní 1975 þar til í september 1976. Þá vann stefnandi samfleytt frá 3. september 1982 til 31.12. 1987, fyrst á grundvelli munnlegs ráðningarsamnings, en frá 21. nóvember 1982 samkvæmt skriflegum ráðningarsamningum. Samningslok miðuðust að jafnaði við 31. desember ár hvert, en samningur síðan endurnýjaður til sama tíma næsta ár, síðast til 31. des. 1987.

Með bréfi Orkustofnunar, dags. 29. september 1987, var stefnanda tilkynnt, að ráðningarsamningur hans yrði ekki endurnýjaður eftir 31. desember 1987. Í bréfinu kemur fram, að uppsögnin stafi af fyrirsjáanlegum samdrætti í fjárveitingum, sem leiði til samdráttar í verkefnum.

Stefnandi átti ótekið orlof, þegar starfstíma hans lauk, er svarar 3/5 úr mánuði, sem hann reiknar til 104 vinnustunda. Stefnandi hefur fengið greitt dagvinnukaup í þennan tíma, en telur, að hann eigi þess í stað að fá greitt yfirvinnukaup.

Þá telur stefnandi, að hann eigi að auki að fá greidda yfirvinnu í þennan tíma, sem svari 30 stundum á mánuði.

Stefnandi telur, að í raun hafi staða sín verið lögð niður, og reisir aðal-kröfu sína á því, að hann eigi rétt til biðlauna í sex mánuði frá 31. 12. 1987 að telja, en hann hefur engin laun af því tagi fengið. Stefnandi telur, að á biðlaunatímanum eigi hann að fá greidda dagvinnu, 30 yfirvinnutíma hvern mánuð, og orlof af hvoru tveggja.

Samkvæmt þessu sundurliðar stefnandi kröfur sínar svo:

„Aðalkrafa:

Kröfur vegna orlofsuppgjörs 18.12. 1987:

a) Greidd verði yfirvinna í óteknu sumarorlofi, þ.e. ógreidd yfirvinnulaun í sumarleyfi pr./klst. 692,97 (173,33 x 0,6) (13 x 8 x 692,97)	kr.	72.069
Áður greidd dagvinnulaun í sumarorlofi	”	41.578
Ógreitt	kr.	30.491
b) Greidd verði yfirvinna í orlofi, þ.e.: yfirvinna pr./mán., 30 klst. x 0,6 = 18,00 x 692,97	kr.	12.473
Samtals	kr.	42.964

Kröfur vegna biðlauna á biðlaunatíma:

a) Föst yfirvinna 30 klst. pr./mán. Tímakaup í yfirvinnu er 1% af mán-aðarlaunum frá 1. jan. 1988 til 31. maí 1988, en 1,0385% af sama stofni frá þeim tíma. Miðað er við 148. lfl., 5. þrep, frá 1. janúar til 31. maí, en sama launaflokk, 6. þrep, í júní 1988.

Janúar 1988:

Dagvinnulaun	kr.	71.376
Föst yfirvinna 30 x 713,76	”	21.413
Orlof á laun 92.789 x 11,59%	”	10.754
Samtals	kr.	103.543

Febrúar 1988:

Dagvinnulaun	kr.	72.803
Föst yfirvinna 30 x 728,03	”	21.841
Orlof 94.644 x 11,59%	”	10.969
Samtals	kr.	105.613

Mars 1988:

Dagvinnulaun	kr.	72.803
Föst yfirvinna 30 x 728,03	”	21.841
Orlof 94.644 x 11,59%	”	10.969
Samtals	”	105.613

Apríl 1988:

Dagvinnulaun	”	72.803
Föst yfirvinna 30 x 728,03	”	21.841
Orlof 94.644 x 11,59	”	10.969
Samtals	kr.	105.613

Maí 1988:

Dagvinnulaun	kr.	72.803
Föst yfirvinna 30 x 728,03	”	21.841
Orlof 94.644 x 11,59%	”	10.969
Samtals	kr.	105.613

Júní 1988:

Dagvinnulaun	kr.	78.175
Föst yfirvinna 30 x 811,85	”	24.356
Orlof á yfirvinnu 102.531 x 11,59%	”	11.883
Samtals	kr.	114.414
Aðalkrafa samtals	kr.	683.373

Varakrafa:

Varakrafan er um rétt orlofsuppgjör, eins og stefnandi telur, að það eigi að vera. Um sundurliðun þess vísast til fyrsta hluta aðalkröfu. Fjárhæð varakröfu er 42.964 kr.”

Stefnandi starfaði á jarðhitadeild Orkustofnunar undir stjórn Guðmundar Pálmasonar, forstöðumanns þeirrar deildar.

Hann kvað mestar starfsannir í deildinni hafa verið um sumartímann, en útivinna í jarðfræði væri bundin því, að snjólaust væri. Talið hefði verið óæskilegt, að margir starfsmenn væru í orlofi um háannatímann, en að öðru leyti hefði það verið starfsmönnum nokkuð frjálst, hvenær þeir tóku orlof; þó hefðu þeir þurft að hafa samband við yfirmann sinn um orlofs-tökuna. Sumarið 1987 kvaðst stefnandi hafa haft umsjón með nemendum jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna, og hefði það verið bindandi fyrir sig.

Stefnandi kvaðst hafa samið við Guðmund Pálmason um fasta yfirvinnu á mánuði. Hann hefði fyrst fengið slíka yfirvinnu greidda á árinu 1984 og

ætið litið á hana sem uppbót á dagvinnukaup og ekki talið, að henni fylgdi nein vinnuskylda. Sama hafi átt við aðra starfsmenn á Orkustofnun. Í upphafi hafi þessi yfirvinna verið hugsuð sem greiðsla fyrir lestur fagrita, en sú hugsun hafi verið gengin yfir, þegar hann hafi fengið þessa yfirvinnu. Stefnandi kvaðst hafa fært á vinnuskýrslur alla þá yfirvinnu, sem hann hefði unnið. Fasta yfirvinnan hefði ekki verið skert í orlofi og ekki heldur, þegar hann hefði sótt námskeið eða ráðstefnur.

Stefnandi taldi, að hann hefði mátt eiga von á því að vera ráðinn áfram hjá Orkustofnun, ef ekki hefði komið til samdráttur í fjárveitingum. Guðmundur Pálmason hefði gefið í skyn, að hann þyrfti ekki að óttast að missa vinnu sína öðrum fremur.

Guðmundur Pálmason, forstöðumaður jarðhitadeildar Orkustofnunar, kom fyrir dóminn og gaf skýrslu.

Guðmundur kvað hafa verið samið við langflesta starfsmenn á Orkustofnun um einhvern fjölda yfirvinnutíma, sem hefði verið metið meðaltal yfir allt árið, en af hagkvæmnisástæðum dreift jafnt á alla mánuði ársins til greiðslu. Þetta hefði verið greiðsla fyrir ýmiss konar ónæði, sem starfsmenn verði fyrir heima hjá sér vegna vinnu sinnar utan venjulegs vinnutíma, og eins fyrir lestur fagtímarita og bóka. Það hefði verið skýrt tekið fram við starfsmennina, að ekki væri verið að semja við þá um greiðslur fyrir óunna yfirvinnu. Af hálfu stofnunarinnar hefði ekki verið haft eftirlit með þessari vinnu.

Guðmundur sagðist ekki hafa haft beint samband við stefnanda um orlof hans, en stefnandi hefði heyrt beint undir undirdeildarstjóra í svokallaðri borholujarðfræðideild, sem væri undirdeild jarðhitadeildar. Að jafnaði væri reynt að koma til móts við óskir starfsmanna um orlof, en hins vegar vissu starfsmennirnir mætavel, að það væri misheppilegt fyrir starfsemi stofnunarinnar, að tekið væri orlof á mismunandi tímum, en sumarið væri venjulega mesti annatíminn. Að jafnaði gæti útvinna, sem unnin væri í stofnuninni, ekki farið fram á öðrum tímum árs vegna veðurs, dagsbirtu og annarra aðstæðna.

Guðmundur kvaðst ekki minnst þess, að hann hefði nokkru sinni rætt við stefnanda um réttarstöðu hans samkvæmt ráðningarsamningum.

Gunnar Björnsson, fyrrv. starfsmannastjóri í Orkustofnun, nú deildarstjóri í Launaskrifstofu ríkisins, kom fyrir dóminn. Hann kvað tímabundna ráðningarsamninga hafa verið gerða, vegna þess að verkefni hefðu verið breytileg og heimildir til ráðninga farið eftir árlegum fjárveitingum til stofnunarinnar. Þeir starfsmenn, sem ráðnir hefðu verið með þessum hætti, hefðu mátt gera ráð fyrir því að vera endurráðnir, væru fjárveitingar til.

Niðurstaða dómsins.

Óumdeilt er í málinu, að stefnandi hafði við starfslok sín hjá stefndu, Orkustofnun, ekki tekið orlof, er svaraði 0,6 mánuðum. Starfslokin gerðu stefnanda ókleift að taka orlof árið 1988. Óumdeilt er, að stefnandi á rétt til kaupgreiðslna fyrir ótekið orlof, en aðilar deila um, hverjar þær skuli vera.

Stefnanda voru greiddar allt frá árinu 1984 fastar yfirvinnustundir mán- aðarlega, síðast 30 stundir. Stefnandi skilaði engum vinnuskýrslum um þá yfirvinnu, og ekki var fylgst með því á annan hátt af yfirmönnum hans, hvort hann vann allar þessar stundir, einhverjar þeirra eða engar. Þetta fyrirkomulag mun hafa tíðkast meginhluta þess tíma, sem starfsmönnum Orkustofnunar var greidd yfirvinna af þessum tagi.

Yfirmaður stefnanda í Orkustofnun, sem gaf skýrslu fyrir dóminum, sagði, að þessi yfirvinna hefði verið ætluð sem greiðsla fyrir lestur fagbóka og fagtímarita og vegna ónæðis utan venjulegs vinnutíma. Þá hefur fram komið, að yfirvinna þessi hafi að einhverju leyti verið tekin upp til þess að bæta samkeppnisaðstöðu Orkustofnunar um sérmenntaða starfsmenn í einstökum starfsgreinum. Starfsmennirnir fengu yfirvinnu þessa greidda jafnt í orlofi sem annars. Einn af forsvarsmönnum Orkustofnunar sagði, að yfirvinnan hefði verið miðuð við ákveðinn fjölda stunda á ári og honum síðan dreift jafnt á alla mánuði ársins af hagkvæmnisástæðum.

Óupplýst er, að nokkur fyrirvari hafi verið gerður um það af hálfu stefndu í samningum við stefnanda eða aðra starfsmenn um yfirvinnuna eða í framkvæmd allt þar til eftir starfslok stefnanda, að yfirvinnan skyldi ekki greidd í orlofi. Samningar um yfirvinnu þessa munu hafa verið munnlegir, og það, sem fram er komið um þá í málinu, þykir benda til þess, að miðað hafi verið við ákveðinn stundafjölda á mánuði fremur en ári. Fyrirkomulag og framkvæmd á yfirvinnu þessari þykir hafa verið með þeim hætti, að líta verði á hana sem hluta af föstu, umsömdu kaupi stefnanda, sem hann hafi átt rétt á að fá greitt í orlofi sem annars.

Ber því að taka til greina þá kröfu stefnanda, að hann fái greiddar 18 yfirvinnustundir vegna ótekens orlofs síns.

Næst skal vikið að þeirri kröfu stefnanda, að hann fái annað kaup sitt í óteknu orlofi greitt með yfirvinnukaupi.

Aðilar eru sammála um það, að ekki geti stofnast réttur starfsmanni til handa til þess að fá dagvinnu í óteknu orlofi greidda með yfirvinnukaupi, nema því aðeins að yfirmaður hafi beðið starfsmanninn að fresta orlofstöku fram yfir sumarorlofstímabil. Því er enn fremur haldið fram af stefndu, að greiðsla yfirvinnu komi ekki til fyrr en að loknu sumarorlofstímabili næsta árs og því aðeins að starfsmaður hafi ekki getað tekið orlofið fyrir það tímamark.

Aðilar deila hins vegar um, hvort stefnandi hafi frestað töku orlofs að beiðni yfirmanns eða ekki.

Ekki hefur komið í ljós í málinu, að frá yfirmanni stefnanda hafi komið bein tilmæli um, að hann frestaði orlofstöku, og ekki virðist sami yfirmaður hafa með neinum beinum afskiptum skipulagt orlofstöku þeirra starfsmanna, sem unnu undir hans stjórn. Hins vegar hefur komið fram í málinu, að það hafi verið vel þegið, að starfsmenn tækju orlof utan sumarorlofstímabilsins, vegna þess að sumarið sé háannatími í rannsóknnum jarðfræðinga Orkustofnunar, en stefnandi var einn þeirra.

Líta verður svo á, að hér sé um að ræða óbein tilmæli til starfsmanna um að fresta a.m.k. að einhverju leyti orlofstöku vegna eðlis þeirra starfa, sem unnin voru í stofnuninni. Væntanlega hafa yfirmennirnir litið með velþóknun á, að starfsmenn yrðu við tilmælunum, og ekki verður séð, að starfsmennirnir hafi haft beinan hag af því að fresta töku orlofs til næsta árs. Samkvæmt gr. 4.5.1. í kjarasamningi hvíla ákveðnar skyldur á yfirmanni að skipuleggja orlofstöku starfsmanna, sem ekki verður séð, að yfirmaður stefnanda hafi rækt. Verður að líta svo á, eins og hér hagar til, að hin óbeinu tilmæli yfirmanns stefnanda nægi til þess, að stofnast hafi réttur stefnanda til handa samkvæmt gr. 4.7.2. í kjarasamningi að fá ótekið orlof sitt greitt með yfirvinnukaupi að öðrum skilyrðum fullnægðum.

Eins og fyrr greinir, voru starfslok stefnanda hjá stefndu um áramót 1987/1988. Því gat stefnandi ekki flutt orlofið til ársins 1988 og tekið það þá, sbr. ákv. 3. mgr. 16. gr. laga nr. 38/1954 og gr. 4.7.2. í kjarasamningi. Stefnanda var því ókleift að taka orlof með venjulegum hætti árið 1988. Burtseð frá (sic) því, hvort rétt kunni að vera eða ekki sú skýring stefndu á gr. 4.7.2. í kjarasamningi, að ótekið orlof eigi ekki að greiða með yfirvinnukaupi fyrr en eftir lok næsta orlofstökuárs, eftir að orlofið féll til, þá þykir, eins og hér stendur á, verða að skýra þessa samningsgrein svo, að stefnandi eigi samkvæmt henni rétt á því að fá dagvinnu í óteknu orlofi greidda með yfirvinnukaupi. Hér má einnig hafa í huga ákv. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1971.

Starfstími stefnanda hjá stefndu, Orkustofnun, var alllangur, en þó var hann ætíð ráðinn með tímabundnum ráðningarsamningum. Í síðasta ráðningarsamningi stefnanda er kveðið á um, að starf hans hefjist 1. mars 1987 og ljúki sjálfkrafa 31.12. 1987. Stefnanda var sagt upp störfum með bréfi, dags. 29. september 1987.

Uppsögn stefnanda og fleiri starfsmanna stefndu, Orkustofnunar, var afleiðing samdráttar hjá stofnuninni, en starfsemi hennar hélt engu að síður áfram.

Ekki verður litið svo á, að stefnandi hafi gegnt fastri stöðu í skilningi 14. gr. laga nr. 38/1954, eins og hann heldur fram, en það verður að telja

skilyrði þess, að réttur til biðlauna stofnist samkvæmt þeirri lagagrein.

Eins og hér stendur á, þykir 36. gr. samningalaga nr. 7/1936 ekki geta breytt þessari niðurstöðu.

Samkvæmt framansögðu ber að hafna því, að stefnandi eigi rétt til biðlauna.

Niðurstaða dómsins, að því er varðar fjárhæðir, sem stefndu greiði stefnanda, er því þessi:

1. Yfirvinna í óteknu orlofi	kr.	12.473
2. Yfirvinna í stað dagvinnu í óteknu orlofi	”	30.491
Samtals	kr.	42.964

Rétt þykir að miða upphafstíma vaxta við 1. febrúar 1988.

Málskostnaður, sem stefndu greiði stefnanda, þykir hæfilega ákveðinn 40.000 kr.

Friðgeir Björnsson yfirborgardómari kvað upp þennan dóm.

D ó m s o r ð:

Stefndu, iðnaðarráðherra f.h. Orkustofnunar og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, greiði in solidum stefnanda, Ómari Bjarka Smárasyni, 42.964 kr. með 51,6% dráttarvöxtum á ári frá 1. febrúar 1988 til 28. febrúar 1988, með 45,6% dráttarvöxtum á ári frá 1. mars 1988 til 30. apríl 1988, með 44,4% dráttarvöxtum á ári frá 1. maí til 30. júní 1988, með 40,8% dráttarvöxtum á ári frá 1. júlí 1988 til 31. júlí 1988, með 56,4% dráttarvöxtum á ári frá 1. ágúst 1988 til 31. ágúst 1988, með 49,2% dráttarvöxtum á ári frá 1. september 1988 til 30. september 1988, með 23,6% dráttarvöxtum á ári frá 1. október 1988 til 31. október 1988, með 27,6% dráttarvöxtum á ári frá 1. nóvember 1988 til 29. nóvember 1988 og með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Dráttarvextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. febrúar 1989 og síðan árlega þann dag.

Stefndu greiði in solidum stefnanda 40.000 kr. í málskostnað, og ber hann dráttarvexti samkvæmt lögum nr. 25/1987 frá og með 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.